

Aðalfundur Félags um menntarannsóknir haldinn í Kennaraháskóla Íslands (H-101) 17. febrúar 2008

Mætt: Almar M. Halldórsson, Amalía Björnsdóttir (form.), Anna Kristín Sigurðardóttir, Árni Guðmundsson, Eyrún M. Rúnarsdóttir (gjaldk.), Hafþór Guðjónsson, Jóhanna Thorsteinsson, Meyvant Þórólfsson (meðstj.), Michael Dahl, Ragnar Ólafsson (ritstj. TUM), Sigurjón Mýrdal (meðstj.), Sigurlína Davíðsdóttir (meðstj.).

Amalía Björnsdóttir annaðist fundarstjórn
Meyvant ritaði fundargerð

Skýrsla stjórnar

Formaður, Amalía Björnsdóttir, lagði fram ársskýrslu félagsins. Hún rifjaði upp markmið félagsins og gerði grein fyrir störfum stjórnar síðasta ár. Hún nefndi m.a. að virkir félagsmenn væru nú tæplega 300, ræddi um heimasíðu og reglulegar uppfærslur hennar og póstlista. Ráðstefna FUM var haldin 23. febrúar og gekk með ágætum, einnig voru námskeið haldin í nóvember. Tímarit um menntarannsóknir var mikið að vöxtum nú og Amalía benti á að útdrættir á ensku hefðu lengst vegna samstarfs við EBSCO um skráningu. Breytingar verða nú á ritnefnd TUM. Nýr ritstjóri, Grétar L. Marinósson, hefur þegar tekið til starfa og vænta má einhverra fleiri breytinga á ritstjórninni. Amalía gerði jafnframt grein fyrir stefnu stjórnar og framkvæmdaáætlun komandi árs. Í því sambandi var rætt um þá hugmynd að standa að gerð íðorðasafns. Nokkur umræða spannst um þessa hugmynd og m.a. spurt hvort það væri raunhæft að fara út í slíkt.

Tímarit um menntarannsóknir

Fráfarandi ritstjóri, Ragnar Ólafsson, gerði grein fyrir útgáfu ársins. Í ritstjórn hefur verið rætt um að auka upplýsingar á heimasíðu um efni tímaritsins. Hann ræddi um að uppsetning og innihald ritsins væri að þróast, nú fylgdi t.d. með hverri grein texti um hagnýtt gildi og útdrættir á ensku hefðu lengst við það að að sótt var um aðild að EBSCO gagnasafninu. Reiknað er með að útdrættir á ensku komi inn í bankann strax eftir útkomu hvers heftis, en greinar á íslensku eftir um níu mánuðum frá útkomu heftis.

Reikningar félagsins

Eyrún M. Rúnarsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum. Hún benti á að enn væru nokkrir reikningar óuppgerðir. Helstu tekjuliðir eru félagsgjöld, styrkir vegna ráðstefnu, námskeiðsgjöld og sala tímaritsins. Stærsti gjaldaliðurinn er útgáfa Tímarits um menntarannsóknir, en þar fyrir utan eru námskeiðskostnaður og kostnaður við heimasíðu. Eign á reikningi félagsins er um 1 milljón þegar allir reikningar hafa verið gerðir upp.

Ákvörðun félagsgjalda

Samþykkt var að halda félagsgjöldum óbreyttum, kr. 3.500 og áfram verður tímaritið innifalið í gjaldinu.

Stjórnarkjör

Enginn gengur úr stjórn og sama skipan heldur áfram að öðru leyti en því að Almar M. Halldórsson og Grétar L. Marinósson koma inn sem varamenn, en Ragnar Ólafsson hættir sem varamaður.

Önnur mál

-Meyvant vakti athygli á þörf á stækkun vefsins www.fum.is. Samþykkt var að fela stjórn að meta hversu mikillar stækkunar er þörf og hve mikill kostnaðarauki fylgir því.

- Hafþór vakti athygli á væntanlegri stofnun "systurfélags" FUM, þ.e. félags um starfendarannsóknir. Stofnfundur verður 4. apríl n.k.

- Jóhanna Einarsdóttir vakti athygli á fyrri umræðu um tengsl við önnur félög, t.d. BERA og NERA. Ákveðið að kanna það í fyrri fundargerðum, hvað hefur áður verið rætt eða ákveðið í þessum efnum.

Amalía þakkaði góða fundarsókn og umræðu og sleit fundi.

MÞ ritaði fundargerð